



Fundargerð

323. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. apríl 2011, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Andrea Björnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Oddviti leitaði afbrigða að taka fyrsta mál á dagskrá fram fyrir fundargerðir og var það samþykkt. Þá leitaði hann afbrigða að taka 2 mál á dagskrá undir önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 322. fundur hreppsnefndar 10. mars 2011.

Oddviti fór yfir fundargerðina, engar athugasemdir gerðar við fundargerðina.

2. Skipulag- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 11. apríl 2011.

Farið yfir fundargerðina. Liður 1 samþykktur, liður 2 samþykktur, liður 3 samþykktur, liður 4 samþykktur, liður 5 samþykktur og liður 6 samþykktur. Undir önnur mál er 1. liður samþykktur og 2.liður samþykktur. Fundargerðin lögð fram og samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 11. apríl 2011.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir lagði áherslu á lið 6 er varðar flutning á steypustöðinni. Fundargerðin samþykkt. Umhverfisdegi 2011 Ákveðið er að sérstök áhersla verði lögð á atvinnulóðir og býli á þessu ári. Vonast er eftir því að íbúar leggi hönd á plóg við að gera Reykhólahrepp sem mest aðlaðandi fyrir sumarið. Fundargerðin samþykkt.

4. Mennta- og menningarmálanefnd 31. mars 2011

Fundargerðin samþykkt.

5. Fundur í stýrihópi um skólastefnu í Reykhólahreppi 15. mars 2011.

Fundagerð lögð fram.

6. Fundur í vinnuhópi um framtíð mótuneytanna í Reykhólahreppi 29. mars 2011.

Fundargerð lögð fram.

7. Fundur í velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 4. apríl 2011.

Fundagerð lögð fram og samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. 1103034- Uppsögn á samningi við Motus.

Fulltrúar frá Motus og Lögheimtunni mæta á fundinn til þess að fara yfir málefnið.

Til fundarins mættu Sigurbjörn Grétar Eggertsson og Lilja Kristófersdóttir frá Motus og Jón Haukur Hauksson lögmaður Lögheimtunnar. Fóru þau yfir málin með hreppsnefnd, sérstaklega með tilliti til lögveða eins og fasteignagjöld.

2. 1103004 - Leiga á Reykhólaskóla fyrir gisti- og veitingastarfsemi sumarið 2011.

Reykhólahreppi bárust tvö tilboð vegna leigu á Reykhólaskóla í sumar;

Álftaland ehf. 720.000

Stekkjarlundur ehf. 775.000

Hreppsnefnd samþykkir með þremur atkæðum gegn tveimur að ganga til samninga við Stekkjarlund og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi. Hreppsnefnd leggur áherslu á upphaflega ætlun sína um aukna þjónustu við ferðamenn í Reykhólahreppi.

3. 1104006 - Starfsmannamál

Aðalþingari hreppsins hefur sagt upp störfum frá og með 1. apríl 2011. Hreppsnefnd þakkar Ingibjörgu Þór samstarfið, vel unnin störf á liðnum árum og velfarnaðar á nýjum vettvangi. Sveitarstjóri auglýsir laust starf á skrifstofunni.

4. 1104007 – Samningur Mennta- og menningarmálaráðuneytis við sveitarfélög á Vestfjörðum um samstarf í menningarmálum árin 2011- 2013.

Tillaga að samningi ráðuneytisins við sveitarfélögin og tillaga að samningi sveitarfélaganna sín á milli.

Hreppsnefnd samþykkir að ganga til samninga við mennta og menningarmálaráðuneytið, einnig samstarfssamning sveitarfélaganna á Vestfjörðum og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi.

5. 1104008 – Ósk um styrk vegna ferða kvennaliðs UDN á öldungamót Blaksambands Íslands í Vestmannaeyjum 5. – 7. maí 2011.

Erindi frá Herdísi Matthíasdóttur fyrir hönd blakráðs UDN dagsett 5. apríl 2011.

Gústaf Jökull Ólafsson kvað við vanhæfni og vék af fundi og fól Andreu Björnsdóttur að taka við stjórn fundarins. Hreppsnefnd hafnar erindinu, en óskar öldungunum velfarnaðar á mótinu, samþykkt samhljóða. Gústaf Jökull kom aftur inn á fundinn og tók við stjórn fundarins.

6. 1104009 – Uppsögn Áhugamannafélags um Bátasafn Breiðafjarðar á leigusamningi um húsnæði í Mjólkurbúi í eigu hreppsins.

Erindi frá formanni Áhugamannafélagsins dagsett 20. mars 2011.

Áhugamannafélagið segir upp samningnum vegna gerðar samnings um nýtt félag um báta og hlunnindasafn á Reykhólum. Hreppsnefnd tilnefnir Andreu Björnsdóttur og Eirík Kristjánsson til að ganga til viðræðna við Áhugamannafélagið skv. 6. grein samningsins. Samþykkt samhljóða.

7. 1104010 – Umsagnarbeiðni um mál 274, þingályktun um aukna fræðslu í skólum um skaðsemi áfengis.

Erindi frá nefndarsviði Alþingis dagsett 11. mars 2011.

Ákveðið að senda ekki umsögn.

1104011 – Umsagnarbeiðni um mál 561, frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum.

Erindi frá lðnaðarnefnd Alþingis dagsett 23. mars 2011.

Ákveðið að senda ekki umsögn.

1104012 – Umsagnarbeiðni um mál 467, frumvarp til laga um ferðamálaáætlun 2011 – 2020.

Erindi frá lðnaðarnefnd Alþingis dagsett 24. mars 2011.

Ákveðið að senda ekki umsögn.

8. 1104023 – Kaup á ljósmyndun vegna markaðssetningu á Reykhólahreppi.

Erindi frá verðandi ferðamálafulltrúa Reykhólahrepps dagsett 11. apríl 2011

Hreppsnefnd hafnar erindinu en bendir á áhugaljósmyndara í sveitarfélaginu sem eru þónokkrir. Jafnframt eru þegar til ljósmyndir sem vert er að nýta.

9. 1104027 - Ímyndarherferð – Jákvæð sýn á Vestfirði.

Tillögur Markaðsstofu Vestfjarða á fundi framkvæmdastjóranna 3. mars 2011.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í hugmyndirnar um sameiginlega markaðssetningarherferð á Vestfjörðum. Styrkja þarf ímynd Vestfjarðar innanlands, og styrkja innviði samfélagsins til þess að taka á móti ferðamönnum. Markaðsstofa hefur þegar hafið störf við sumar hugmyndirnar.

10. 1104024 – Umgengni og snyrtimennska í Reykhólahreppi, fundir og fundargerðir.

Tillögur frá Kristni Bergsveinssyni, Tómasi Sigurgeirssyni og Sigmundi Magnússyni ódagsettar;

I. Sveitarstjórn ráði til sín óháðan starfsmann til þess að halda utan um það sem betur mætti fara í umgengni og snyrtimennsku hjá fólki í sveitarfélaginu og leiti svo ráða til að úr verði bætt.

II. Fundir auglýstir og fundargerðir látnar liggja frammi til skoðunar.

I. Hreppsnefnd þakkar áhugann en hafnar erindinu. Heilbrigðisfulltrúi hefur þegar boðið hreppsnefnd þjónustu sína hvað varðar kynningu á þeim verkferlum sem hreppsnefnd getur nýtt til fegrunarátaks í sveitarfélaginu.

II. Hreppsnefnd hafnar erindinu. Fundir hreppsnefndar eru opinberir og auglýstir víða skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp í Reykhólahreppi. Fundir annarra nefnda eru haldnir fyrir luktum dyrum, reynt er eftir megni að hafa þá sem reglulegasta, fundir skipulags og bygginganefndar eru ávallt haldnir á mánudegi fyrir hreppsnefndarfund. Fundargerðir nefnda hljóta ekki staðfestingu fyrr en með samþykkt hreppsnefndar, þá hafa þær þegar verið auglýstar á vef sveitarfélagsins. Hægt er að nálgast fundargerðir á skrifstofu eða jafnvel fá þær senda heim.

Til kynningar

11. 1104022 – Ársreikningur sveitarfélagsins.

Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi vinnu við ársreikning 2011.

Lagt fram.

12. 1104013 - Minnisblað sveitarstjóra vegna fundar ríkisstjórnar Íslands með sveitarstjórum og fulltrúum frá sveitarstjórnunum á Vestfjörðum 5. apríl 2011.

Ríkisstjórn Íslands boðaði til fundar á Ísafirði þann 5. apríl 2011 með fulltrúum sveitarstjórna á Vestfjörðum. Efni fundarins var efling atvinnu og byggðar á Vestfjörðum. Sveitarstjóri, oddviti og Sveinn Ragnarsson mættu á fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps. Stofnaður verður samráðsvettvangur stjórnvalda og sveitarfélaga vegna verkefnanna sem ríkisstjórn samþykkti á ríkisstjórnarfundi þennan sama dag. Staðið verður vörð um þær vegaframkvæmdir sem liggja fyrir og þegar hefur verið ráðist í. Ráðist verður í ný verkefni við vegaframkvæmdir fyrir um 350 milljónir. Hreppsnefnd leggur á það áherslu að fagleg vinnubrögð ráði því hvernig því fé verður ráðstafað og að þeir sem að málinu koma er varðar Vestfjarðarveg nr. 60 séu tilbúnir til þess að horfa með opnum huga á lausn mála þannig að þær gagnist sem flestum sem hlut eiga að máli. Hreppsnefnd vill þakka velferðarráðherra og ríkisstjórn fyrir að standa vörð um dvalarheimilið Barmahlíð og þar með standa vörð um samfélagið í heild sinni.

13. 1104014 – Barnavernd á félagssvæðinu Strandir og Reykhólar.

Afrit af erindi félagsmálastjóra til sveitarstjóra Strandabyggðar dagsett 14. mars 2011.

Hreppsnefnd líst vel á hugmynd félagsmálastjóra um myndun nýrrar barnaverndar-nefndar fyrir félagssvæðið í heild sinni í samvinnu við önnur sveitarfélög.

14. 1104015 - Stjórnsýslukæra frá Innanríkisráðuneytinu vegna riftunar á ráðningasamningi við Gylfa Þ. Þórisson

Stjórnsýslukæra send frá Innanríkisráðuneytinu dagsett 24. febrúar 2011 og umsögn lögfræðings sveitarfélagsins vegna kærunnar dagsett 31. mars 2011.

Stjórnsýslukæra lögð formlega fram til kynningar, lögfræðingur hreppsins hefur svarað kærunni fyrir hönd hreppsnefndar og er umsögn hans einnig lögð fram.

15. 0901028- Sala lands Reykhólaborps.

Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 29. mars 2011.

Tilkynning um vinnu við endanlegan frágang og greinagerð um lækkun mats-upphæðar á landi vegna útskiptingar veghelgunarsvæðis að ósk Vegagerðarinnar.
Lagt fram.

16. 1104025 – Eflings sveitarstjórnarstigsins.

Bókun frá fundi Dalabyggðar 7. apríl s.l. er varðar starfshóp Dalabyggðar um kosti og galla sameiningar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og aðra sameiningarmöguleika.

Lagt fram. Dalabyggð hefur óskað eftir fundi með hreppsnefnd Reykhólahrepps og sveitarstjórn Strandabyggðar þann 5. maí n.k.

17. 1103016 – Greinargerð vegna úttektar á ræktun, framræslu og girðingum á lögbylinu Kötlulandi.

Greinargerð frá héraðsráðunauti Búnaðarsamtaka Vesturlands dagsett 7. mars 2011.

Greinargerð lögð fram. Áður send umsjónarmanni fasteigna og landleigjanda til kynningar.

18. 1104017 – Kerfisáætlun Landnets 2010 vegna áraanna 2011 – 2015.

Erindi frá forstjóra Landnets dagsett 21. mars 2011, áætlun lögð fram á fundi.

Lagt fram til kynningar.

19. 1104018 – 117. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

20. 1104019 – Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 11.febrúar, 4. mars, 11.mars og 4.apríl 2011.

Fundargerðir lagðar fram.

21. 1104020 – 785. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og ársskýrsla Sambandsins 2010. Skýrsla lögð fram á fundinum.

Fundargerð og ársskýrsla lögð fram.

22. 1104021 – 336. og 337. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Fundargerðir lagðar fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

23. 1104028 – Umsagnarbeiðni vegna máls 439, frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðarvegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigskóg).

Erindi frá Samgöngunefnd Alþingis dagsett 14. apríl 2011.

Hreppsnefnd ákveður að veita umsögn, umsögn berist eigi síðar en 11. maí, þar sem erindið berst með svo stuttum fyrirvara var sótt var um frest til þess að skila inn umsögn 13. maí n.k. eða eftir sveitarstjórnarfund 12. maí og hefur það verið staðfest og er málinu því frestað til næsta fundar.

24. Námskeið fyrir fulltrúa í velferðarnefnd á Ísafirði 9. maí.

Andrea Björnsdóttir nefndarmaður í velferðarnefnd fer á námskeiðið samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.40

| | |
|--|--|
| | |
| | |
| | |

